



Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
b/t. nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 29. nóvember 2013.

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða (177. mál).

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem felur m.a. í sér framlengingu aukinnar heimildar lífeyrissjóða til að eiga í samlagshlutafélögum.

Í 3. gr. frumvarps þessa er lagt til að heimild lífeyrissjóða til að eiga allt að 20% af hlutafé í samlagshlutafélögum verði framlengd um eitt ár, til ársloka 2014. Viðskiptaráð styður þessa ráðstöfun enda ljóst að enn er veruleg þörf á eigin fé í íslensku atvinnulífi. Að sama skapi er brýnt að finna umtalsverðri fjárfestingarþörf sjóðanna farveg í ólíkum eignaflokkum til að tryggja undirliggjandi áhættudreifingu og stuðla þannig að sem bestri og öruggastri ávöxtun lífeyris landsmanna. Slík dreifing næst ekki nema að takmörkuðu leyti innan ramma haftanna.

Þá má nefna að fjárfesting lífeyrissjóða í gegnum samlagshlutafélög eru að mörgu leyti heppilegur fjármögnunarvalkostur. Þar má líta til þess að vel flestir þeirra sjóða, sem starfa á grunni slíkra félaga, eru afmarkaðir hvað líftíma varðar og í mörgum tilfellum er endahnútur ferlisins skráning á markað með tilheyrandi dreifingu eignarhalds í viðkomandi félögum. Samhliða styrkjast stoðir verðbréfamarkaðarins en virkur markaður er mikilvægur hverju hagkerfi til miðlunar fjármagns með gagnsæum máta.

Að þessu leyti er ákjósanlegra að framlengja undanþáguákvæðinu, líkt og frumvarpið gerir ráð fyrir, fremur en að innleiða varanlega hækkun þessa hlutfalls. Það fellur auk þess að þeirri vinnu sem nefnd er í greinargerð frumvarpsins um endurskoðun lagaákvæða um fjárfestingarheimildir lífeyrissjóða. Þá er ljóst að samhliða auknum hlut lífeyrissjóða í íslensku atvinnulífi skapast ýmist álitamál sem þarft er að taka til markvissrar og málefnalegrar umræðu. [Nýlegur fundur](#) Viðskiptaráðs, Landssamtaka lífeyrissjóða, Samtaka atvinnulífsins og Alþýðusamband Íslands var framlag til þeirrar umræðu.

Á þeim fundi var einkum horft til tveggja þátta hvað þetta varðar. Annars vegar eignarhald sjóðanna og möguleg áhrif þess á samkeppni og hins vegar mikilvægi gagnsæis og góðra stjórnarháttanna. Þar hélt m.a. Peter Lundkvist, forstöðumaður hjá AP3 lífeyrissjóðnum í Svíþjóð, erindi um nálgun síns sjóðs. Sá sjóður starfar á grundvelli [heildstæðrar eigendastefnu](#) og gefur reglulega út nákvæmt yfirlit yfir [alla sína eignarhluti](#) í fyrirtækjum og hvernig sjóðurinn [beitir eigendavaldi](#) sínu á hluthafafundum. Í nýlegri skoðun Viðskiptaráðs, [Stórir fiskar í lítilli tjörn: lífeyrissjóðirnir, gjaldeyrishöftin og mikilvægi góðra stjórnarháttanna](#), voru þessir þættir heimfærðir á íslenska lífeyrissjóðakerfið og listaðar upp hugmyndir að umbótum.

Viðskiptaráð leggur til að frumvarpið nái fram að ganga.

Virðingarfyllt,

Haraldur I. Birgisson
Aðstoðarframkvæmdastjóri